

Stjórnarfundur aðalstjórnar LH 14. desember 2007

Símafundur

Aðalstjórn LH var boðuð til þessa fundar. Á fundinum voru: Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigurður Ævarsson, Sigfús Helgason og Hinrik Már Jónsson varamaður þar sem Einar Ragnarsson er erlendis. Einnig var á fundinum Regína Gunnarsdóttir frá skrifstofu LH.

Fundarefni: Ákvörðun um Landsmótsstað árið 2010

Stjórn LH hafa borist umsóknir um landsmótshald frá fjórum aðilum um að halda Landsmót hestamanna árið 2010.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum svæðum:

Vindheimamelum, Skagafirði
Melgerðismelum, Eyjafirði
Gaddstaðafötum, Hellu
Víðidal, Reykjavík

Stjórn LH mun skipa nefnd á sínum fyrsta stjórnarfundum eftir áramót til þess að sjá um samningaviðræður vegna Landsmótsstaðar fyrir árið 2010. Nefndinni verður sett tímamörk um að ná samningum við Landsmótshaldara eigi síðar en 1. júní 2008. Ákveðið var að hefja viðræður um Landsmóthald 2010 við rekstraraðila Vindheimamela og skal þeim viðræðum ljúka eigi síðar en 1. mars 2008.

F.h. stjórnar LH

Regína Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri LH